

og Kjósarsýslu hafi tjáð sig fúsa á að ábyrgjast endurborgun lánsins fyrir hinn tiltekna tíma, með væntanlegu samþykki amtráðsins, og farið fram á, að yður verði veitt heimild til að veita áminnzt lán úr viðlagasjóði, með þeim kjörum, að greiddir sjeu af því 4 af hundraði í vöxtu og lánið endurborgað á tfu árum, þannig, að lánið sje veitt annaðhvort Álptaneshreppi á framantjáðan hátt, eða sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. **51**
9. febr.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeingar, frekari birtingar og ráðstöfunar, að ráðgjafinn veitir yður, herra landshöfðingi, heimild til að láta sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu fá 3000 króna lán úr viðlagasjóði, ef hlutadeigandi amtráð leggur á það samþykki sitt, með þeim kjörum, að greiddir sjeu af því 4 af hundraði í vöxtu og lánið endurborgað á 3 árum, eins og áður hefir átt sjer stað, þó þannig, að frestur þessi sje eigi talinn fyr en frá þeim tíma, að lán það, er veitt var tjedri sýslunefnd með ráðgjafarþjefi 20. septbr. 1876, er endurborgað, eptir umliðun þá, er veitt var 5. nóvbr. f. á.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afgreiðslugjöld* **52**
frakkneskra fiskiskipa. — Frá utanríkisráðherraum hef jeg meðtekið eptirit af brjefi frá utanríkisráðherra Frakka til stjórnarereindreka Danakonungs í París, og sjest á því, að stjórnin frakkneska hefir eigi treyst sjer til að fallast á tillögur utanríkisstjórnarherrans, um, að íslenzkir valdsmenn mættu eiga við foringja hinnar frakknesku sjóliðsvarðeildar við Ísland um lúkningu afgreiðslugjalda, er frakknesk fiskiskip, er koma inn á íslenzkar hafnir, hafa látið ógreidd. Aptur á móti hefir hin frakkneska stjórn brýnt fyrir hlutadeigandi útgjörðarmönnum í umburðarbrjefi, að láta formenn fiskiskipanna hafa með sjer nægilegt fje til að greiða áminnzt gjöld undir eins út í hönd. **52**
9. febr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lestagjald og vintoll.* — Með þóknanlegu brjefi 26. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað 2 bónarbrjef frá verzlunarstjóra Wendel á Þingeyri í Ísafjarðarsýslu, ásamt ummælum hlutadeigandi amtmanns og sýslumanns, og fer verzlunarstjórinn þess á leit, að honum verði skilað aptur gjöldum þeim, er nú skal greina, og heimtuð hafa verið af honum:

1, lestagjald, 32 kr., og afgreiðslugjald, 1 kr. 33 a., af skipinu Christian, er kom til Íslands 25. apríl 1876, með 20 tonn af salti, er það hafði tekið á Fanö í seglfestu, og var salt þetta haft til að salta það, sem skipið aflaði, og var aldrei flutt í land.

2, aðflutningsgjald, 13 kr. 33 a., af 80 pottum mjaðar, er voru fluttir til umgetins verzlunarstaðar 1. maí 1875 með skipinu Neptun.

Í brjefi yðar með þessum bænarskrám hafið þjer látið í ljósi þá skoðun, herra landshöfðingi, að það, að skipið Christian, sem bæði árin 1876 og 1877 hafi verið haft til fiskiveiða, hafði meðferðis 20 tonn af salti, er það kom til landsins, og sem voru hafðar til að salta aflann á skipinu, geti eigi haft þá verkun, að skoða beri skipið sem verzlunarskip, og að það eigi að álitast skyldugt til að kaupa sjer sjóleidarbrjef, samkvæmt lögum 15. apríl 1854. Þjer hafið því lagt það til, að lestagjaldi því, er greitt hefir verið fyrir áminnzt skip, 32 kr., verði skilað aptur beiðanda, gegn því að hann greiði sýslumanni afgreiðslugjald það, er til er tekið fyrir fiskiskip í 62. gr. í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, og er 12 sk. fyrir hverja lest. En er kemur til aðflutningsgjaldsins af miði þeim, er fluttist til landsins með skipinu Neptún, þá hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það